

3. gr. laganna og endurtekin lítið breytt með lögum nr. 68/1971, og nú 1. gr. laga nr. 7/1972.

Enda þótt í lagaákvæðum þessum sé felld niður, að tekjur konunnar stafi ekki frá fjölskyldufyrirtæki, verður að telja, að ekki sé um efnisbreytingu á þessu lagaákvæði að ræða af hálfu lögjafans.

1. og 2. málsl. 1. gr. laga nr. 7/1972 þykir verða að skýra svo, að vinni konan fyrir skattskyldum tekjum aðeins utan fjölskyldufyrirtækja, hafi hjónin heimild til þess, þegar þau telja fram til skatts, að velja á milli 50% reglunnar í 1. málsl. og sérsköttunar í 2. málsl. Enda er ótvíræð regla í 2. mgr. 1. gr. um það tilvik, þegar gift kona aflar tekna með rekstri fjölskyldufyrirtækis.

Telja verður einnig, að þróun reglunnar um sérsköttun í íslenskum lögum bendi ótvírætt til þessa skilnings.

Samkvæmt framansögðu þykir verða að hafna kröfu gerðarþola og heimila framgang lögtaks í eignum hans til tryggingar greiðslu gjaldskuldarinnar, kr. 218.559 auk dráttarvaxta og kostnaðar.

Með niðurstöðu málsins í huga og að öllu athuguðu þykir sanngjarnt, að málskostnaður í málinu falli niður.

Ályktarorð:

Hið umbeðna lögtak má fram fara á ábyrgð gerðarbeiðanda. Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 15. desember 1978.

Nr. 211/1976. Fjármálaráðherra f. h. rikissjóðs

(Sigurður Ólason hrl.)

gegn

Steindóri Guðmundssyni

(Kristinn Einarsson hrl.).

Máli vísað frá Hæstarétti. Áfrýjunarfrestur. Áfrýjunarleyfi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramennir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Magnús P. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 3. nóvember 1976. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Héraðsdómur var kveðinn upp 18. maí 1976. Hinn 27. október 1976 veitti dómsmálaráðuneyti, að fenginni umsögn Hæstaréttar samkvæmt 16. gr. laga nr. 75/1973, áfrýjanda leyfi til að áfrýja dómi þessum til Hæstaréttar, „þótt sakar-efni málsins nái eigi löghoðinni áfrýjunarfjárhæð“. Þegar áfrýjunarstefna var gefin út, var liðinn þriggja mánaða áfrýjunarfrestur sá, sem um er rætt í 1. ml. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Áfrýjandi hefur eigi aflað sér áfrýjunarleyfis samkvæmt 2. mgr. 20. gr. nefndra laga. Ber því að vísa máli þessu sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 60.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnda, Steindóri Guðmundssyni, 60.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 18. maí 1976.

Mál þetta, sem tekið var til dóms þann 17. þ. m., hefur Steindór Guðmundsson, Eyrarlóni, Stokkseyri, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni þann 16. apríl 1973, á hendur fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu á kr. 25.109.00 með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð frá 1. desember 1972 til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar að mati dómsins.

Stefndi krefst aðallega sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að mati dómarans, en til vara, að fjárhæð dómkröfu stefnanda verði stórlega lækkuð og málskostnaður verði látinn niður falla.

Stefnandi kveður málavexti þá, að hann sé starfandi fangavörð-

ur við vinnuhælið að Litla-Hrauni og sem slíkur sæti hann ákvæðum laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Í kjarasamningi þeim, sem gerður hafi verið milli fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja 19. desember 1970 segi svo í 1. mgr. 7. gr.: „Á venjulegum vinnudegi skulu vera tveir kaffitímar, 15 mínútur og 20 mínútur, og teljast þeir til vinnutíma.“ Hann hafi ekki haft tækifæri til að nýta umsamda kaffitíma án skerðingar viðveruskyldu sinnar og sé stefnukrafan greiðsla fyrir unna kaffitíma á tímabilinu 25. nóvember 1971 til 31. desember 1972. Hafi stefndi verið krafinn um greiðslu fjárhæðar þessarar, en neitað greiðslu.

Hefur stefnandi í rækilegri skýrslu fyrir dóminum lýst störfum fangavarða á Litla-Hrauni við gæslu fanga innanhúss.

Vitnið Markús Einarsson starfaði sem forstöðumaður vinnuhælisins að Litla-Hrauni um níu ára skeið, allt til 1. júní 1974. Hann kveður fangaverði hafa drukkið kaffi á sínum vöktum, en þeir hafi ekki talið sig geta tekið sérstakan kaffitíma allir í einu, svo sem þeir hafi viljað og talið sig eiga rétt á. Hann kveður fangaverði alltaf hafa mátt búast við því að vera kallaðir til starfa, hvenær sem var, og hafi það alveg verið undir hælinn lagt, hvort fangaverðir fengju ákveðinn kaffitíma eða fullan kaffitíma. Einnig kveður hann það hafa komið fyrir, að fangaverðir væru kvaddir til starfa úr mat. Markús kveður það ekki skráð í bækur vinnuhælisins, hvenær fangaverðir fari í mat eða kaffi. Ekki kveður hann það heldur skráð í bækur vinnuhælisins, hvaða störfum fangaverðir sinni á vakt, nema skráð sé, hvaða fangavörður sé á vakt í borðsal, þegar fangar matist. Kveður Markús það reynslu sína, að einhverjir fangavarða á hverri vakt hafi getað tekið fullan kaffitíma, en svo hafi verið aðrir, sem ekki hafi getað það. Kveður Markús það sitt álit, að þeir fangaverðir, sem voru á morgunvakt og siðdegisvakt, hafi ekki haft tíma til að setjast að matar- og kaffiborði án þess að skerða varðstöðu sína, en á næturvakt hafi fangaverðir haft tíma til að taka matartíma og kaffitíma í flestum tilvikum. Þó geti það ástand skapast, að ekki sé tími til neins nema sinna skyldustörfum. Markús kveður vinnuhælið hafa verið stækkað og vistmönnum fjölgað, án þess að starfsmönnum væri fjölgað.

Krafa stefnanda er byggð á því, að samkvæmt 1. mgr. 7. gr. kjarasamnings Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og stefnda frá 19. desember 1970 hafi fangaverðir við vinnuhælið á Litla-

Hrauni, sem séu opinberir starfsmenn, er vinni á vöktum, átt rétt á tveimur kaffitímum á hverri vakt, 15 mínútum og 20 mínútum. Sökum þess hve störf fangavarða séu umfangsmikil, hafi stefnandi ekki getað notfært sér hina umsömdu kaffitíma, nema skerða viðveruskyldu sína, sem ekki hafi verið unnt. Því eigi hann rétt á að fá kaffitímana greidda.

Sýknukrafa stefnda er byggð á því, að nokkru eftir gerð kjarasamnings milli Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og stefnda hinn 19. desember 1970 hafi farið að bera á mismunandi túlkun og beitingu ákvæðisins um kaffitíma á hinum ýmsu vinnustöðum. Því hafi fjármálaráðuneytið sent frá sér tilkynningu hinn 15. maí 1971 til að samræma framkvæmd og taka af öll tvímæli. Komi þar fram, að kaffitímar séu ekki keyptir af starfsmönnum, nema útilokað sé, að þeir geti gert hlé á vinnu sinni til að neyta kaffis. Enginn sérstakur tími sólarhringsins sé kaffitími framar öðrum og verði verkstjórar að segja til um, hvenær best henti, að hver og einn starfsmaður taki kaffitíma. Starfsmaður, sem vinni einn á vakt, fái kaffitíma ekki greiddan, nema hann færi að því líkur, sem verkstjóri hans metur gildar, að honum hafi ekki gefist tími til kaffidrykkju. Hafi túlkun þessi hlotið staðfestingu dómstóla. Því sé ljóst, að fangaverðir eigi ekki rétt til að fara allir í kaffi á fyrirfram ákveðnum tíma, heldur einungis á þeim tíma, sem verkstjóri telur henta. Ekki eigi fangaverðir heldur kröfu til að fara allir í kaffi samtímis. Fjöldi fangavarða sé talinn nægilegur til að gegna öllum störfum á þeim tíma dagsins, sem vinnuálagið er mest, og því sé vandséð, að þeir geti ekki farið í kaffi einn og einn í senn á þeim tímum, þegar minnst sé að gera. Er því haldið fram, að á starfsmanni hvíli sönnunarbyrði um það, að honum gefist ekki tími til kaffidrykkju. Hafi stefnandi ekki fært sönnur að því, að annir fangavarða hafi verið svo miklar, að hinir fangaverðirnir hafi ekki getað sinnt nauðsynlegum verkefnum, á meðan hann tæki kaffitíma. Er því haldið fram, að stefnandi hafi getað tekið umsamda kaffitíma og bresti sönnun fyrir hinu gagnstæða.

Varakrafa stefnda er byggð á því, að stefnandi hafi að minnsta kosti haft aðstöðu til að taka kaffitíma á næturvöktum og því beri að lækka stefnukröfuna sem því nemi.

Stefnandi hefur lagt fram sundurliðun á þeim vöktum frá og með 15. desember 1971 til og með 29. nóvember 1972, er hann telur sig ekki hafa getað notað umsamda kaffitíma.

Er sundurliðun þessi svofelld:

15.—31. des. 1971	9 vaktir eða $5\frac{1}{4}$ klst. á kr. 235.55 ..	kr. 1.237.00
janúar 1972	15 vaktir eða $8\frac{3}{4}$ klst. á kr. 235.55	— 2.061.00
febrúar 1972	16 vaktir eða $9\frac{1}{3}$ klst. á kr. 235.55	— 2.198.00
mars 1972	16 vaktir eða $9\frac{1}{3}$ klst. á kr. 245.05	— 2.287.00
apríl 1972	14 vaktir eða $8\frac{1}{4}$ klst. á kr. 245.05	— 2.022.00
maí 1972	15 vaktir eða $8\frac{3}{4}$ klst. á kr. 245.05	— 2.144.00
júní 1972	15 vaktir eða $8\frac{3}{4}$ klst. á kr. 267.70	— 2.342.00
júlí 1972	8 vaktir eða $4\frac{2}{3}$ klst. á kr. 267.70	— 1.249.00
ágúst 1972	15 vaktir eða $8\frac{3}{4}$ klst. á kr. 267.70	— 2.342.00
september 1972	9 vaktir eða $5\frac{1}{4}$ klst. á kr. 267.70 ..	— 1.405.00
október 1972	17 vaktir eða 10 klst. á kr. 267.70	— 2.677.00
nóvember 1972	20 vaktir eða $11\frac{3}{4}$ klst. á kr. 267.70 ..	— 3.145.00

Kr. 25.109.00

Í 1. mgr. 7. gr. kjarasamnings opinberra starfsmanna frá 19. desember 1970 segir svo: „Á venjulegum vinnudegi skulu vera tveir kaffitímar, 15 mín. og 20 mín., og teljast þeir til vinnutíma.“ Er ágreiningslaust, að ákvæði þetta hafi verið í gildi á þeim tíma, sem fjallað er um í málinu, og taki til stefnanda. Í ákvæði þessu felst það, að starfsfólk eigi rétt á tveimur kaffitímum, 15 mín. og 20 mín. á venjulegum vinnudegi, en ekki er kveðið á um, að sérstakir tímar sólarhringsins séu kaffitímar framar öðrum. Verður að telja, að það sé á valdi þess, sem verkstjórn hefur á hendi, að ákveða, hvenær einstakir starfsmenn taki kaffitíma sína. Þegar virtur er framburður Markúsar Einarssonar, sem var forstöðumaður vinnuhælisins að Litla-Hrauni á þeim tíma, sem fjallað er um í máli þessu, og hafði því yfirumsjón með allri starfsemi vinnuhælisins og störfum fangavarða, þykir mega leggja til grundvallar, að fangaverðir hafi ekki getað notfært sér umsamda kaffitíma á morgunvöktum og dagvöktum. Því eigi stefnandi rétt á að fá kaffitíma þessa greidda.

Fram er komið yfirlit Frímanns Sigurðssonar yfirfangavarðar yfir vinnutíma stefnanda á tímabili því, sem fjallað er um í málinu. Við samanburð á því og yfirliti stefnanda kemur fram, að í kröfugerð sinni reiknar stefnandi svo til eingöngu með kaffitíma á morgunvakt og dagvakt. Fjárhæð launa fyrir vinnustundir, sem reiknað er með í kröfu stefnanda, hefur ekki sætt andmælum af

hálfu stefnda. Að þessu athuguðu þykir mega taka kröfu stefnanda þannig til greina:

15.—31. des. 1971	5 klst.	15 mín.	kr.	1.137.00
janúar 1972	8	—	10	— 1.924.00
febrúar	—	9	— 20	— 2.198.00
mars	—	9	— 20	— 2.287.00
apríl	—	8	— 10	— 2.001.00
maí	—	8	— 45	— 2.144.00
júní	—	8	— 10	— 2.186.00
júlí	—	4	— 40	— 1.249.00
ágúst	—	8	— 45	— 2.342.00
september	—	5	— 15	— 1.405.00
október	—	9	— 55	— 2.655.00
nóvember	—	11	— 40	— 3.123.00

Kr. 24.651.00

Verður stefnda því gert að greiða stefnanda fjárhæð þessa, kr. 24.651.00, með vöxtum, sem ákveðast þannig: 7% ársvextir frá 1. desember 1972 til 16. maí 1973, 9% ársvextir frá þeim degi til 15. júlí 1974 og 12% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags. Eftir þessum úrslitum verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 27.000.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Steindóri Guðmundssyni, kr. 24.651.00 með 7% ársvöxtum frá 1. desember 1972 til 16. maí 1973, með 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974 og með 12% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 27.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.